



Njótum töfra Jónsmessunnar í góðum félagsskap  
og einstöku umhverfi




SELTJARNARNESBÆR  
Menningarnefnd



SELTJARNARNESBÆR

Dagskrá mánudaginn 24. júní kl. 18-20



# Draumar á Jónsmessu

Jónsmessunótt er ein af  
mögnuðustu nóttum ársins.  
Þá er upplagt að skyggjast  
inn í fortíðina  
og horfa fram á við.





# Draumar á Jónsmessu

Seltjarnarnesbær hefur skipulagt fjölbreytta og fjölskylduvæna dagskrá í tilefni dagsins og býður alla velkomna.

Dagskráin stendur frá kl. 18-20.

Safnast saman við safnhúsið á Seltjarnarnesi, (áður fyrirhugað Lækningaminjasafn).



Seltirningarnir **Eva María Jónsdóttir** og **Jóhann G. Jóhannsson** kafa í djúp töfra og álaga og skyggst verður í fortíð genginna Seltirninga. Sagðar verða þjóðsögur, lækninga- og töfrafurtir kynntar og leiðsögn verður um opinn fornleifauppgröft.

Börn, foreldrar, afar og ömmur geta tekið þátt í spennandi ratleik og kvöldinu lýkur við snarkandi varðeld, harmonikkuleik, söng og með ljúfum veitingum í boði Hitaveitu Seltjarnarness.



— Helstu gönguleiðir að svæðinu

P Bilastæði